

Ísteka ehf.
b/t Eydís Sigvaldadóttir
Grensásvegi 8
108 Reykjavík

Reykjavík, 7. janúar 2021
UST202012-223/R.K.
08.10.01

Efni: Framlenging starfsleyfis Ísteka ehf. í Reykjavík

Vísað er til umsóknar Ísteka ehf. um nýtt starfsleyfi, dags. 9. desember 2020, og samskipta Umhverfisstofnunar við rekstraraðila þar sem þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi sem gefið var út fyrir framleiðslu lyfjaefna að Grensásvegi 8 í Reykjavík.

Skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda.

Fullnægjandi starfsleyfisumsókn hefur borist fyrir starfseminni.

Gildistími starfsleyfisins er til 13. janúar 2021. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til **13. janúar 2022**.

Það skal tekið fram að vinna sem fellur á Umhverfisstofnun vegna þessarar framlengingar er skráð í verkþókhald á sama hátt og önnur vinna sem varðar auglýsingu og útgáfu á nýju starfsleyfi og mun hún koma til viðbótar vegna uppgjörs við útgáfu starfsleyfisins. Því fylgir þessari ákvörðun engin innheimta kostnaðar að svo stöddu.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um framlengingu á gildistíma starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur